



HRUNAMANNAHREPPUR

26. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR
KJÖRTÍMABILIÐ 2022 – 2026

13. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2023, þann 29. júní kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

1. Fundargerð 262. fundar skipulagsnefndar frá 16. júní sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 7. júní sl.

Lögð fram fundargerð 262. fundar skipulagsnefndar frá 16. júní sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 7. júní sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

Mál nr. 35. Skipholt 3: Byggingarheimild; útihús.

Fyrir liggur umsókn Rögnvaldar Harðarsonar fyrir hönd Bjarna V. Guðmundssonar, móttekin 11.06.2023, um byggingarleyfi fyrir 909 m² útihúsi (fóðurgeymsla, hesthús og sauðburðarhús) á jörðinni Skipholt 3 L166827 í Hrunamannahrepp.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að málið fái málsmeðferð á grundvelli 3. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna útgáfu framkvæmda- eða byggingarleyfis þar sem segir að sveitarstjórn sé heimilað að vikið sé frá kröfum 2. mgr. um breytingu á deiliskipulagi og grenndarkynningu þegar um svo óveruleg frávík er að ræða að hagsmunir nágretta skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn. Málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Jón Bjarnason vék af fundi við afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að málið fái málsmeðferð á grundvelli 3. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna útgáfu framkvæmda- eða byggingarleyfis þar sem segir að sveitarstjórn sé heimilað að vikið sé frá kröfum 2. mgr. um breytingu á deiliskipulagi og grenndarkynningu þegar um svo óveruleg frávík er að ræða að hagsmunir nágretta skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn. Málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 36. Hálandismiðstöð í Kerlingarfjöllum: Neðri-Hveradalir reitur 10; Bílastæði og þjónustuhús; Endurskoðað deiliskipulag.

Lögð er fram tillaga sem tekur til deiliskipulags fyrir Neðri-Hveradali í Kerlingarfjöllum eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu felst skilgreining á byggingarheimildum fyrir þjónustuhús og bílastæði við Neðri-Hveradali. Ákveðið var að vinna nýtt deiliskipulag í stað þess að vinna breytingu á gildandi skipulagi svæðisins. Það felur í sér að við gildistöku nýs deiliskipulags fyrir reit 10, þá verður sama svæði fellt úr gildi í deiliskipulagi frá 2014 með óverulegri breytingu sem tekur gildi samhliða framlagðri deiliskipulagstillögu. Samkvæmt tillögunni verður heimilt að byggja allt að 20 m² þjónustuhús með salernum.

Heimilt er að vera með palla umhverfis húsið og aðstöðu fyrir gesti til að setjast niður, njóta útsýnis og borða nesti. Gert er ráð fyrir að heildarfjöldi bílastæða geti verið allt að 84.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að afgreiðslu málsins verði frestað eftir auglýsingu. Skipulagsfulltrúa falið að annast samskipti við Umhverfisstofnun vegna viðbragða sem taka til umsagnar Náttúrufræðistofnunar.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að afgreiðslu málsins verði frestað eftir auglýsingu. Skipulagsfulltrúa falið að annast samskipti við Umhverfisstofnun vegna viðbragða sem taka til umsagnar Náttúrufræðistofnunar.

Mál nr. 48. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 7. júní sl.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 7. júní sl.

2. Fundargerð 263. fundar skipulagsnefndar frá 28. júní sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 21. júní sl.

Lögð fram fundargerð 263. fundar skipulagsnefndar frá 28. júní sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 21. júní sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

Mál nr. 21. Fannborgartangi 1-7, 17-21 og 23-27: Breyting á deiliskipulagi; Fyrirspurn.

Lögð er fram fyrirspurn frá Vali Þór Sigurðssyni fh. lóðarhafa Fannborgartanga 1-7, 17-21 og 23-27 er varðar breytingar á skilmálum deiliskipulags fyrir íbúðarsvæði að Sunnuhlíð.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að ekki verði gerð athugasemd að unnin verði breyting á deiliskipulagi svæðisins sem tekur til hliðrunar á innbyrðis legu byggingarreita innan lóðar 1, 3, 5 og 7. Nefndin leggst gegn breytingum sem taka til fjölgunar íbúða á lóðum 17-21 og 23-27. Innan deiliskipulags fyrir íbúðarbyggð að Sunnuhlíð eru fjölbreyttar gerðir lóða fyrir einbýlis, par- og raðhús með mismunandi fjölda íbúða. Við úthlutun lóða eiga umsækjendur að vera meðvitaður um hvers konar lóð er sótt um og hafa kynnt sér skilmála deiliskipulags er varðar byggingarheimildir innan lóða.

Bjarney Vignisdóttir vék af fundi við afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að unnin verði breyting á deiliskipulagi svæðisins sem tekur til hliðrunar á innbyrðis legu byggingarreita innan lóðar 1, 3, 5 og 7. Sveitarstjórn hafnar ósk um breytingar sem taka til fjölgunar íbúðar á lóðum 17-21 og 23-27. Innan deiliskipulags fyrir íbúðarbyggð að Sunnuhlíð eru fjölbreyttar gerðir lóða fyrir einbýlis, par- og raðhús með mismunandi fjölda íbúða. Við úthlutun lóða eiga umsækjendur að vera meðvitaðir um hvers konar lóð er sótt um og hafa kynnt sér skilmála deiliskipulags er varðar byggingarheimildir innan lóða.

Mál nr. 22. Grafarhverfi: Birkihlíð 12-16 og 8-10; Deiliskipulagsbreyting.

Lagt er fram minnisblað og tillögur Hrunamannahrepps að deiliskipulagsbreytingum sem taka til breytinga á byggingarskilmálum innan lóða Birkihlíðar 12-16 og 8-10 innan Grafarhverfis að Flúðum. Í breytingunni felst að á lóð Birkihlíðar 12-16 verði gert ráð fyrir því að heimilt verði að byggja 4-6 íbúðir í stað 3-4 íbúða og að gerð verði breyting á nýtingarhlutfalli lóðarinnar Birkihlíðar 8-10 þar sem nýtingarhlutfalli er breytt úr 0,4 í 0,45.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagðar breytingar á deiliskipulagi svæðisins með fyrirvara um að fullnægjandi gögn berist fyrir kynningu málsins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt lóðarhöfum aðliggjandi lóða innan deiliskipulagssvæðisins.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagðar breytingar á deiliskipulagi svæðisins með fyrirvara um að fullnægjandi gögn berist fyrir kynningu málsins. Sveitarstjórn samþykkir jafnframt að lagfært verði misræmi á milli töflu og uppdráttar og að á lóðinni Birkihlíð 8-10 verði heimilað að byggja 2-4 íbúðir eins og áksilið er í greinargerð. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt lóðarhöfum aðliggjandi lóða innan deiliskipulagssvæðisins.

Mál nr. 23. Sunnuhlíð: íbúðarsvæði; Endurskoðun deiliskipulags.

Lögð er fram tillaga að heildarendurskoðun deiliskipulags íbúðarsvæðis í landi Sunnuhlíðar, vestan núverandi þéttbýlis að Flúðum. Deiliskipulagið tekur til íbúðarsvæðis ÍB8, verslunar- og þjónustusvæðis VÞ5, iðnaðarsvæðis I3 og opins svæðis OP5 að hluta. Innan svæðisins er gert ráð fyrir fjölbreyttri íbúðarbyggð í formi einbýlishúsa, parhúsa og raðhúsa. Á verslunar- og þjónustureit er gert ráð fyrir heimild fyrir uppbyggingu gistipjónustu. Á iðnaðarreit er gert ráð fyrir uppbyggingu hreinsivirkis fyrir svæðið og á opnum svæðum er gert ráð fyrir heimildum fyrir uppbyggingu göngu- og reiðstíga.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagið og þar með að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Mál nr. 24. Sunnuhlíð: Breytt stærð ÍB 8 og VÞ5: Aðalskipulagsbreyting.

Lögð er fram tillaga óverulegrar aðalskipulagsbreytingar sem tekur til aðalskipulags Hrunamannahrepps 2016-2032 í tengslum við endurskoðun deiliskipulags Sunnuhlíðar. Í breytingunni felst óveruleg innbyrðis tilfærsla landnotkunarf láka á óbyggðu svæði í tengslum við deiliskipulagsgerð á svæðinu. Verslunar- og þjónustureitur VÞ5 minnkar á kostnað íbúðarsvæðis ÍB8 og opins svæðis OP5. Afmörkun VÞ5 breytist lítillega til norðurs inn á íbúðarsvæði á móti til að nýta betur landhalla innan svæðisins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja viðkomandi breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Að mati nefndarinnar vísar tillagan ekki verulega frá meginstefnu aðalskipulags og telur nefndin að ný landnotkunarskilgreining samræmist vel núverandi ástandi innan svæðisins og þeim heimildum sem þar eru fyrir. Umfang uppbyggingar á grundvelli breytinga ætti frekar að minnka en aukast þar sem verslunar- og þjónustusvæði minnkar á kostnað íbúðarsvæðis og opins svæðis. Breytingin tekur auk þess eingöngu til innbyrðis breytinga innan lands sem er óbyggt í dag og hefur því ekki áhrif á aðliggjandi lóðir eða landeignir með neinum hætti. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á aðalskipulagi. Niðurstaða sveitarfélagsins verði auglýst og málið sent Skipulagsstofnun til samþykktar og staðfestingar.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir viðkomandi breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Að mati sveitarstjórnar vísar tillagan ekki verulega frá meginstefnu aðalskipulags og telur sveitarstjórn að ný landnotkunarskilgreining samræmist vel núverandi ástandi innan svæðisins og þeim heimildum sem þar eru fyrir. Umfang uppbyggingar á grundvelli breytinga ætti frekar að minnka en aukast þar sem verslunar- og þjónustusvæði minnkar á kostnað íbúðarsvæðis og opins svæðis. Breytingin tekur auk þess eingöngu til innbyrðis breytinga innan lands sem er óbyggt í dag og hefur því ekki áhrif á aðliggjandi lóðir eða landeignir með neinum hætti. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á aðalskipulagi. Niðurstaða sveitarfélagsins verði auglýst og málið sent Skipulagsstofnun til samþykktar og staðfestingar.

Mál nr. 25. Brúarhlöð: Skipulagslýsing; Deili- og aðalskipulagsbreyting.

Lögð er fram skipulags- og matslýsing vegna breytinga á aðalskipulagi og nýs deiliskipulags sem tekur til Brúarhlaða í Hrunamannahreppi. Aðalskipulagsbreytingin og deiliskipulagið nær yfir nýtt verslunar- og þjónustusvæði við Brúarhlöð, sunnan Skeiða- og Hrunamannavegar. Breytt landnotkun er innan jarðarinnar Brúarhlöð L234128. Stærð skipulagssvæðis er um 6 ha. Við Brúarhlöð er bílastæði þar sem ferðamenn stoppa og skoða gljúfur Hvítár. Landeigandi vill byggja upp þjónustu á staðnum, s.s. gistingu, veitingar, stækka bílastæði og byggja upp gönguleiðir um svæðið og út í eyjar í Hvítá þar sem gerð verða örugg útsýnissvæði. Heildarbyggingarmagn getur verið allt að 1000 m².

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 26. Fannborgartangi 10-12: Stækkun byggingarreits; Deiliskipulagsbreyting.

Lögð er fram umsókn um breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Fannborgartanga 10-12. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt lóðarhafa aðliggjandi lóðar.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt lóðarhafa aðliggjandi lóðar.

Mál nr. 32. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 21. júní sl.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 21. júní sl.

3. Seyrustjórn: Fundargerð 10. fundar frá 12. júní sl.

Lögð fram fundargerð 10. fundar seyrustjórnar.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

4. Héraðsnefnd Árneseinga bs.: Fundargerð 11. fundar framkvæmdastjórnar frá 12. maí sl.

Lögð fram fundargerð 11. fundar framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árneseinga.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

5. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 228. fundar frá 12. júní sl.

Lögð fram fundargerð 228. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

6. **Brunavarnir Árnæssýslu: Fundargerð 9. fundar stjórnar frá 22. júní sl.**

Lögð fram fundargerð 9. fundar stjórnar Brunavarna Árnæssýslu.

Vegna liðar 2, „umræðufundur um byggingu björgunarmiðstöðvar á Flúðum“ gerði oddviti grein fyrir þeirri vinnu sem fram hefur farið vegna væntrar uppbyggingar björgunarmiðstöðvar á Flúðum. Um uppbyggingu slíkrar miðstöðvar á Flúðum hefur verið ítrekað rætt á fundum byggðasamlagsins á undanförunum árum. Því er mikilvægt að haldið sé áfram við undirbúning hússins enda ljóst að núverandi slökkvistöð uppfyllir ekki þau skilyrði sem gerð eru til slíks húsnæðis. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

Erindi til sveitarstjórnar:

7. **Bréf frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands frá 7. júní 2023.**

Lagt fram bréf og eftirlitsskýrsla frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands vegna reglubundins eftirlits á Gámasvæði Hrunamannahrepps, sem farið var í þann 31. maí sl.

Sveitarstjórn samþykkir að leitað verði til sérfræðings er falið verði að greina stöðu sormála í sveitarfélaginu en því miður hefur þeim málaflokki ekki verið sinnt sem skyldi á undanförunum árum. Sú greining feli í sér mat á gámasvæðinu Flatholti með tilliti til þeirra úrbóta sem þar er þörf sem og úttekt á grenndarsvæðum og auk þess að gerð verði tillaga að breyttri gjaldskrá vegna úrgangsmála í sveitarfélaginu er tekur tillit til breytts regluverks um málaflokkinn. Kostnaði við þessa vinnu verði mætt með framlagi af lið 21.01.3790.

8. **Samningur um refaveiðar við Umhverfisstofnun.**

Lagður fram samningur Umhverfisstofnunar við Hrunamannahrepp um refaveiðar. Markmið samningsins er að hafa yfirsýn yfir þær aðgerðir sem þarf til að stemma stigu við fjölgun refa og draga úr tjóni af þeirra völdum sem og að skapa fyrirsjáanleika varðandi endurgreiðslur ríkissjóðs vegna refaveiða sveitarfélaga.

Samningurinn samþykktur samhljóða en hann gildir vegna áranna 2023, 2024 og 2025. Um leið harmar sveitarstjórn að Umhverfisstofnun og ríkisvaldið skuli ekki taka meiri þátt í þeim kostnaði sem sveitarfélög bera vegna minka- og refaveiða en í fjárhagsáætlun ársins 2023 eru lagðar 1,7 m.kr til þessa verks á meðan að samningsbundin greiðsla Umhverfisstofnunar til Hrunamannahrepps á árinu mun nema 262.500,-. Erindið jafnframt sent til kynningar í Umverfis- og Afréttarmálanefnd.

9. **Minnisblað frá Lögmannsstofu Ólafs Björnssonar frá 26. júní 2023 vegna lóðamála í Kerlingarfjöllum.**

Lagt fram minnisblað frá Lögmannsstofu Ólafs Björnssonar vegna lóðamála í Kerlingarfjöllum en ítrekaðar óskir hafa komið fram frá eigendum húss sem stendur án lóðarleigusamnings í Kerlingarfjöllum en formlegt erindi var til umfjöllunar í sveitarstjórnar þann 8. apríl 2021 vegna málsins.

Sveitarstjórn telur ekki mögulegt að verða við óskum um að einkaaðila verði úthlutað lóð undir frístundahús í Kerlingarfjöllum. Slík úthlutun væri í beinni andstöðu við k. lið 5.gr. reglugerðar um meðferð og nýtingu þjólendna sem nú er til meðferðar í samráðsgátt stjórnvalda.

Sveitarstjórn ítrekar að í minnisblaði lögmanns kemur skýrt fram að samkvæmt þjólendulögum er ekki gert ráð fyrir að einkaaðilar geti reist mannvirki til einkanota á þjólendusvæðum. Sveitarstjórn telur þó rétt að skipulögð verði lóð undir ferðapjónustu á þessum reit og felur sveitarstjóra að útbúa drög að auglýsingu lóðarinnar. Í auglýsingu verði þess getið að væntur lóðarhafi myndi standa straum af öllum kostnaði við gerð deiliskipulags og öðrum kostnaði við skipulagsgerð og framkvæmdir á svæðinu svo sem kostnaði við brottflutning þeirra húsa sem þarna eru, komi til þess að annar aðili en eigandi þeirra verði lóðarhafi á svæðinu. Drög að auglýsingunni verði lögð fyrir sveitarstjórn til samþykkis.

10. Minnisblað frá sveitarstjóra varðandi umferðaröryggismál frá 26. júní 2023.

Lagt fram minnisblað frá sveitarstjóra varðandi umferðaröryggismál en meðfylgjandi því er greinargerð frá starfsmönnum tryggingafélags Hrunamannahrepps Verði varðandi öryggismál almennt og þá ekki síst umferðaröryggismál.

Sveitarstjórn samþykkir að vísa minnisblaðinu til Umhverfisnefndar sem fer með samgöngumál og umferðaröryggismál í sveitarfélaginu og þá sérstaklega þá umfjöllun sem þar er að finna um umferðarhraða. Sveitarstjórn vill hvetja ökumenn til að gæta að öryggi gangandi vegfarenda en samkvæmt þeim rannsóknum sem þarna eru kynntar er ljóst að gangandi vegfarendur eiga ágætis möguleika á að sleppa við alvarleg meiðsli ef hraði í árekstri er undir 30 km/klst. Sé hraðinn meiri aukast verulega líkurnar á alvarlegu slysi/banaslysi.

Fjárhagsleg málefni:

11. Viðauki 1 við fjárhagsáætlun fyrir árið 2023.

Lagður fram viðauki 1 við fjárhagsáætlun fyrir árið 2023.

Sveitarstjóri kynnti fyrsta viðauka við fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps árið 2023.

Í viðaukanum er gert ráð fyrir auknum tekjum sem nemur 14,7 m.kr.. Hækkuð gjöld A-hluta nema 11,2 m.kr..

Nettóáhrif þessara breytinga á rekstur sveitarfélagsins eru jákvæðar sem nemur 3,5 m.kr..

Breytingar á fjárfestingum felast í auknum kostnaði við fjárfestingar í Flúðaskóla sem nemur 105 m.kr. en óvænt þurfti að skipta um þak á stórum hluta grunnskólabyggingarinnar. Á móti er felld niður öll fjárfesting sem áætluð var í íþróttahúsi og félagsheimili sem nam 41 m.kr..

Nettó aukning í fjárfestingum A-hluta eykst um 64 m.kr.. Einnig er hér gerð tillaga um aukna fjárfestingu í vatnsveitu sem nemur 26 m.kr. vegna lagningar kaldavatnslagnar frá Garðastíg að Iðjuslóð og Byggð á Bríkum.

Áhrif viðauka 1 á upphaflega samþykkt áætlun 2023 eru:

Rekstrarniðurstaða samstæðu verður jákvæð um 27 m.kr í stað 23,5 m.kr.

Tekin ný langtímalán verða 445 m.kr. í stað 360 m.kr. eins og áður var áætlað.

Til að mæta aukinni fjárfestingu í A-hluta og í Vatnsveitu er hér gerð tillaga um að tímabundið verði þeim kostnaði mætt með yfirdrætti í viðskiptabanka en að í haust verði tekið nýtt langtímalán, reynist þess þörf, að upphæð allt að kr. 85.000.000,-.

Sveitarstjórn samþykkir þá tillögu að viðauka sem hér er lögð fram.

Verfundargerðir:

12. Byggð á Bríkum: Verfundargerð 10. fundar.

Fundargerðin samþykkt.

Mál til kynningar:

a. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 929. fundar stjórnar frá 09.06 sl.

Lagt fram til kynningar.

b. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 930. fundar stjórnar frá 15.06 sl.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:26..